

STOFNAR



BLAÐ EYVERJA, FÉLAGS UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA Í VESTMANNAEYJUM

1. tölublað

Vestmannaeyjum 6. janúar 2011

24. árgangur



EYVERJAJAHRÓSIN 2010

Íþróttamaður ársins:

Kári Kristján Kristjánsson átti mjög gott ár. Snemma árs færði hann sig frá svissneska félaginu Amicita Zürich til þýska liðsins Wetzlar. Í dag er hann einn af burðarásum Wetzlar liðsins auk þess sem hann var nýlega valinn í 19 manna æfinga hóp A-landslíðsins fyrir úrslitakeppni heimsmeistarmótsins.

Fyrirtæki ársins:

ÓS ehf. Ný og glæsileg Þórunn Sveinsdóttir VE kom til Eyja á aðfangadag og líta útgerðarmenn skipsins hjá ÓS ehf. bjartsýnum augum til framtíðar og ætla áfram að berjast í því að draga verðmætan gjaldeyri inni landið þrátt fyrir þá óvissu sem vinstri stjórnin hefur skapað allri útgerð í landinu.

Eyjamaður ársins:

Heimir Hallgrímsson er verður Eyjamaður ársins eftir að hafa náð betri árangri með karlalið ÍBV í fótbolta en nokkurn órað fyrir í upphafi tímabils. Þó svo að flestir spekingar hafi spáð liðinu 10. sæti tókst Heimi að ná því besta útúr liðinu sem gerði harða atlögu að Íslandsmeistartitlinum.

Flopp ársins:

Ríkisstjórnin sem hefur engar lausnir og gerir ekkert nema skaða með auknum álögum á einstaklinga og fyrirtæki og drepur þannig alla atvinnusköpun í dróma og sekkur almenningi enn dýpra í skuldafenið.



*Sendum bæjarbúum öllum bestu kveðjur um
gleðilegt nýtt ár
með þökk fyrir það liðna.*



NÝIR EYJAMENN



Védís Eva Bjartmarsdóttir
17. janúar 2010
Foreldrar; Hjördís Inga Pálsdóttir og Bjartmar Sigurðsson



Arna Rún Gísladóttir
31. Janúar 2010
Foreldrar; Guðrún Bergrós Tryggvadóttir og Gísli Stefánsson



Ægir Guðni Sigurðsson
15. Febrúar 2010
Foreldrar; Ragnheiður Sveinþórsdóttir og Sigurður Jón Atlason



Helena Nótt Ingibergsdóttir
28. Febrúar 2010
Foreldrar; Kristín Ösp Jóhannsdóttir og Ingibergur Oddsson



Bríet Bjarney Kristjánsdóttir
6. mars 2010
Foreldrar; Birgitta Hafsteinsdóttir og Kristján Ingvarsson

JANÚAR

FEBRÚAR

MARS



Emil Gautason
9. mars 2010
Foreldrar; Elísabet Þorvaldsdóttir og Gauti Þorvarðarson



Grétar Gylfi Kristófersson
11. Mars 2010
Foreldrar; Margrét Elísa Gylfadóttir og Kristófer Helgi Helgason



Aðalheiður Prastardóttir
14. Mars 2010
Foreldrar; Rakel Björk Haraldsdóttir og Þróstur Jóhannsson



Barbara Jankowska
28. Mars 2010
Foreldrar; Marzena Jankowska og Lukasz Jankowski



Bergur Sveinn Ágústsson
23. Apríl 2010
Foreldrar; Eva Guðrún Sveinsdóttir og Ágúst Sverrir Danielsson

APRÍL




Almar Daniel Ágústsson
23. Apríl 2010
Foreldrar; Eva Guðrún Sveinsdóttir og Ágúst Sverrir Danielsson



Ísafold Grétarsdóttir
3. Maí 2010
Foreldrar; Theodóra Ágústsdóttir og Grétar Þór Þórsson



Aron Sindrason
10. Maí 2010
Foreldrar; Hildur Sólveig Sigurðardóttir og Sindri Ólafsson



Bergdís Björnsdóttir
12. Maí 2010
Foreldrar; Hrefna Jónsdóttir og Björn Matthíasson



Birgir Nielsen Birgisson
13. Maí 2010
Foreldrar; Kolbrún Anna Rúnarsdóttir og Birgir Nielsen Þórsson

MAÍ



Dána Jónsdóttir
15. Maí 2010
Foreldrar; Sigurhanna Friðþórsdóttir og Jón Atli Gunnarsson



Indiana Kolbrún Friðþjófsdóttir
31. Maí 2010
Foreldrar; Ósk Auðbergsdóttir og Friðþjófur Sturla Másson



Rómeó Máni van der Linden
2. júní 2010
Foreldrar; Lind Hrafnisdóttir & Jón Örvar van der Linden



Sæþór Már Ólafsson
6. Júní 2010
Foreldrar; Elva Rún Jónsdóttir og Ólafur Már Harðarson



Ottó Örn Ragnarsson
15. júní 2010
Foreldrar; Anna Fríða Stefánsdóttir og Ragnar Jón Dennisson

JUNÍ



Andri Már Agnarsson
28. Júní 2010
Foreldrar; Sonja Andrésdóttir og Agnar Magnússon



Jóhannes Helgi Guðmundsson
29. Júní 2010
Foreldrar; Helga Jóhannesdóttir og Guðmundur Helgi Sigurðsson



Benjamin Thor Urban
5. Júlí 2010
Foreldrar; Anna Plucik og Tomasz Urban



Mattías Breki Gunnarsson
9. júlí 2010
Foreldrar; Unndís Ósk Gunnarsdóttir og Gunnar Már Kristjánsson



Söldís Sif Kjartansdóttir
9. Júlí 2010
Foreldrar; Anna Lilja Tómasdóttir og Kjartan Sölvi Guðmundsson

JULÍ



Júlía Karlsdóttir
9. ágúst 2010
Foreldrar; Emilía Borgþórsdóttir og Karl Guðmundsson



Guðjón Týr Sverrisson
9. Ágúst 2010
Foreldrar; Jóna Gréta Grétarsdóttir og Sverrir M. Jónsson



Fannar Ingi Gunnarsson
9. ágúst 2010
Foreldrar; Auður Ásgeirsdóttir og Gunnar Ingi Gíslason



Embla Dís Sighvatsdóttir
11. Ágúst 2010
Foreldrar; Dóra Hanna Sigmarsdóttir og Sighvatur Jónsson



Glódís Dúna Óðinnsdóttir
17. Ágúst 2010
Foreldrar; Hjördís Elsa Guðlaugsdóttir og Óðinn Sæbjörnsson

ÁGÚST

Sú hefð hefurskapast að Eyverjar birti mynd af þeim börnum sem fæðst hafa á árinu og eru búsett í Vestmannaeyjum, ásamt upplýsingum um fæðingardag þeirra og nöfn foreldra. Engin

breyting er þar á og birtum við nú myndir af þeim börnum sem náðist mynd af. Auk þess birtast hér myndir sem okkur bárust af Eyjabörnum búsettum annars staðar.



† Halldór Atli Halldórsson
31. ágúst 2010 - Látinn
25. nóvember 2010
Foreldrar; Anna Halldórsdóttir
og Halldór Sölvi Haraldsson



Theresa Lilja Vilmarsdóttir
5. september 2010
Foreldrar; Þóra Sif
Kristinsdóttir og Vilmar Þór
Bjarnason



Natalía Lóa Héðinsdóttir
5. September 2010
Foreldrar; Donna Yr
Kristinsdóttir og Héðinn Karl
Magnússon



Halldór Breki Viktorsson
12. September 2010
Foreldrar; Margrét Rut
Halldórsdóttir og Viktor Ingi
Ingibergsson



Björn G. Björnsson 14.
September 2010
Foreldrar; Margrét
Hjálmarsdóttir og Björn G.
Sigurðsson



Anton Ingi Eiríksson
17. September 2010
Foreldrar; Berglind
Sigvarðsdóttir og Eiríkur
Ingvi Jónsson



Rakel Rut Rúnarsdóttir
23. September 2010
Foreldrar; Karen Haraldsdóttir
og Rúnar Þór Karlsson



Miguel Smári Fonseca
26. september 2010
Foreldrar: Nanna
Sigurjónsdóttir og Nuno
Miguel.M.Da Fonseca



Margrét Mjöll Ingadóttir
29. September 2010
Foreldrar; Þóra Sigurjónsdóttir
og Ingi Rafn Eypórsson



María Sif Hreindís Ívarsdóttir
5. Október 2010
Foreldrar; Sesselja
Hreindís Sigmundsdóttir og
Ivar Agústsson



Ástrós María Karlsdóttir
8. Október 2010
Foreldrar; Kolbrún
Tryggvadóttir og Karl
Björnsson



Kamilla Dís Tönjuddóttir
9. Október
Foreldri; Tanja Líf Vignisdóttir



Matthías Sigurðsson
21. Október 2010
Foreldrar; Berglind
Sigmarsdóttir og Sigurður
Friðrik Gíslason



Adam Valur Gunnarsson
31. Október 2010
Foreldrar; Laufey Rós
Andersen og Gunnar
Kristjánsson



Aron Ingi Sindrason
2. Nóvember 2010
Foreldrar; Sæfínna
Ásbjörnsdóttir og Sindri
Þór Grétarsson



Hrafnhildur Kristjánsson
9. nóvember 2010
Foreldrar; Jóhanna Björk
Gylfadóttir og Kristján
Gunnarsson



Emil Garðarsson
8. Nóvember 2010
Foreldrar; Berta Bernburg og
Garðar Heiðar Eyjólfsson



Lovísa Ingibjörg Jarlsdóttir
11. Nóvember 2010
Foreldrar; Sigurveig
Steinarsdóttir og Jarl
Sigurgeirsson



Breki Skarphéðinsson
18. Nóvember 2010
Foreldrar; Ania Viktoria
Fedorowicz og Skarphéðinn
Yngvason



Una María Elmarsdóttir
23. Nóvember 2010
Foreldrar; Sólveig Adólfsson
og Elmar Hrafn Óskarsson



Júlía Arnórsdóttir
30. Nóvember
Foreldrar; Berglind
Jóhannsdóttir og Arnór Davíð
Pétursson



Hekla Katrín Benónýsdóttir
30. Nóvember 2010
Foreldrar; Emma
Kristjánsson og Benóný
Þórisson



Arnór Sigmarsson
1. Desember 2010
Foreldrar; Gyða Arnórsdóttir
og Sigmar Helgason



Tjörvi Ágústsson
5. Desember 2010
Foreldrar; Jörunn Einarsson
og Ágúst Óskar Gústafsson



Stúlka Sigurðardóttir
9. Desember 2010
Foreldrar; Guðbjörg J.
Magnúsdóttir og Sigurður
Hjörleifsson



Drengur Ólafsson
19. Desember 2010
Foreldrar; Olga Möller og
Ólafur Helgason



Eypór Elí Magnússon
24. Desember 2010
Foreldrar; Aníta Yr
Eypórsdóttir og Magnús Ólafur
Björnsson



Stúlka Harðardóttir
24. Desember 2010
Foreldrar; Erna Dögg
Sigurjónsdóttir og Hörður
Orri Grettisson



Stúlka Bjarnadóttir
28. desember 2010
Foreldrar; Tinna Tómasdóttir
og Bjarni Ólafur Marinósson



Bjartur Týr Ísaksson
29. Desember 2010
Foreldrar; Silja Steinarsdóttir
og Ísak Þór Davíðsson

SEPTEMBER


OKTÓBER

NOVEMBER

DESEMBER

Úr Stofnum yfir í Morgunblaðið

Kristinn Pálsson er fæddur 6. maí 1992, hann er yngri sonur hjónanna Páls Guðmundssonar og Rutar Haraldsdóttur. Kristinn er Eyjamaður í húð og hár. Hann hóf hins vegar nám við Verslunarskóla Íslands haustið 2008. Hann hefur þrjátíu ungan aldur náð góðum árangri með blýantinn og var síðastliðið vor ráðinn skopmyndateiknari hjá Morgunblaðinu. Sindri Ólafsson settist niður með Kristni til þess að fræðast aðeins um starfið hjá Mogganum.



Hefur alltaf teiknað

„Ég hef alltaf verið að teikna og byrjaði á því eins og önnur börn með misgóðu móti.“ segir Kristinn aðspurður um upphafið á því að hann byrjaði að teikna. „Það að teikna hefur alltaf verið mitt aðal áhugamál, sem krakki klippti ég út og lék mér við að teikna eftir myndum Sigmunds í Mogganum, en Sigmundur hefur alltaf verið mín helsta fyrirmynd í teikningum enda mjög fær teiknari,“ segir Kristinn og bætir við að það sé mikill heiður að fá að feta í fótspor hans hjá Morgunblaðinu.

Það fyrsta sem birtist eftir Kristinn á prenti var þegar Eyverjar höfðu samband og báðu hann um að teikna skopmynd fyrir forsiður Stofna í aðdraganda aðþingkosninga árið 2009. „Ég lét til leiðast og krakkarnir mötuðu mig á hugmyndum með fyrstu myndirnar“ segir Kristinn.

Samkeppnin og ráðningin á Moggan

Vorið 2010 stóð Morgunblaðið fyrir samkeppni um skopmyndir í blaðið, en þáverandi skopmyndateiknari blaðsins, Halldór Baldursson, hafði nýverið hætt störfum. Kristinn tók þátt í samkeppninni og vöktu myndir hans strax athygli. „Ég tók þátt í samkeppninni eiginlega bara uppá grín, en leit samt á þetta sem skemmtilegt tækifæri til þess að koma myndunum mínum á framfæri. Meðal þátttakenda voru margir landsfrægir teiknarar. Mig dreymdi samt um að komast í úrslit sem stóð til að hafa í Morgunblaðinu þar sem 2 teiknarar áttu að keppa um sigurinn,“ segir Kristinn og bætir við að af úrslitakeppninni hafi aldrei orðið því hann ásamt

öðrum teiknara hafi orðið fyrir valinu. „Mér var síðan boðið starfið þann 6. maí á 18 ára afmælisdaginn. Það má því segja að sama daginn hafi ég öðlast réttindi til þess að kjósa og niðast á leiðtogum þjóðarinnar,“ segir hann og hlær.

Var ekkert að flagga því hvað ég væri gamall

Aðspurður um hvort hann hafi ekki verið hissa á því að menn væru tilbúnir að ráða 18 ára menntaskólanema sem áberandi blaðamann á einum virtasta fjölmiðli landsins svarar Kristinn: „Ég gaf hvergi í þessu ferli öllu saman til kynna hvað ég væri gamall, ég var svo sem ekkert að fela það en heldur ekkert að flagga því. Það var eiginlega ekki fyrr en ég gekk inn á skrifstofu hjá Haraldi Johannessen ritstjóra að þeir áttuðu sig á því að þeir væru að fara að ganga frá ráðningu á einhverjum polla,“ segir Kristinn sþuskur á svip og bætir við: „Það var þó aldrei að sjá neitt hik á þeim. Haraldur minntist á það að hann væri bara ánægður með hversu ungur ég væri því þeir væru að leita að framtíðar starfsmanni.“

Kristinn byrjaði strax sl. vor að teikna í Morgunblaðið og fyrsta myndin birtist 12. maí 2010. „Til að byrja með teiknaði ég þrjár myndir á viku, en þegar leið á haustið og skólinn kominn á fullt skrið sá ég að það yrði eitthvað undan að

lata. Þá var ákveðið að ég fækkaði myndum mínum niður í eina mynd á viku og tæki yfir spaugið í Sunnudagsmogganum,“ segir Kristinn sem hefur teiknað um 70 myndir í Morgunblaðið og er rétt að byrja.

Gamlar fréttir seljast illa

Kristinn segir að lykilinn að snjallri skopmynd sé góð hugmynd og að góða hugmynd sé ekki hægt að fá nema að vera vel upplýstur um atburði líðandi stundar. „Myndirnar þurfa að vera um það sem er efst á baugi hverju sinni því það er með myndirnar eins og aðrar greinar að gamlar fréttir seljast illa. Ólíkt því sem margir halda er tilgangurinn með myndinni ekki endilega að vera bráð fyndin heldur á hún frekar að vekja lesandann til umhugsunar og setja alvarleg mál fram í léttu spaugi,“ segir hann og bætir við að fólk úr öllum áttum oti annað slagði að sér hugmyndum, ég á það þó til að hlusta ekki því að best er að koma sínum eigin hugmyndum á blað.“ segir Kristinn.

Misskilningur að Davíð stjórni því hvað ég geri

Þegar kemur að því að vinna að skopmynd fylgist Kristinn vel með helstu vef- og prentmiðlum landsins. Hann tekur Morgunblaðið með sér í skólann og segir að venjulega sé blaðið tætt í sundur, þannig að eftir standi nokkrar blaðsíður af blaðinu með helstu fréttum og

pólitik. „Krakkarnir skipta á milli sín íþróttunum og Monitor en ég sit eftir með það sem þeim finnst leiðinlegt, pólitíkin og fréttasiðurnar. Þaðan fæ ég hugmyndirnar en margir halda að ég teikni eftir einhverjum leiðbeiningum frá ritstjórninni, en það er mikill misskilningur. Ég teikna bara það sem mér dettur í hug og mér hafa aldrei verið lagðar neinar línur í þeim efnum,“ segir Kristinn og bætir við að þegar hann sé kominn með fullþróaða hugmynd að skopmynd hefjist teiknivinnan sem sé tímafreakasti parturinn af verkinu.

Að mörgu þarf að huga í góðri skopmynd

Það er margt sem þarf að hafa í huga við gerð góðrar skopmyndar, það sem þarf að skoða eru andlitsdrættir persónanna með tilliti til útlitseinkenna, til dæmis nef, haka, augu, tennur, hár eða annað. „Einnig er mikilvægt að huga að staðsetningu eða bakgrunni, það getur líka verið snúið að finna öllum aðalpersónum réttan stað og stöðu svo þær njóti sín í myndinni. Eftir nokkrar skissur byrja ég á myndinni með blýanti sem ég fer síðan ofaní með bleki og enda á að mála með vatnslitum,“ segir Kristinn sem sjaldan hefur lent í tímapressu með mynd þó það hafi komið fyrir að hann hafi uppgötvað í miðju kafi að myndin væri vonlaus. „En það gerist sem betur fer sjaldan. Tæknin hefur þó strítt mér, en myndirnar eru allar sendar í gegnum tölvu. Þetta hefur þó ekki komið að sök og hef ég alltaf náð að skila á réttum tíma,“ segir hann.

Pólitíkin og viðbrögðin

Stjórnsmál voru ekki rædd á heimili Kristins en hann fór snemma að fylgjast með vettvangi stjórnmála í gegnum Spaugstofuna og Áramótaskaupin. „Ég hef skoðanir eins og annað fólk en ég verð eins og blaða- og fréttamenn að gera mitt besta til að fjalla um málefni frá óháðu sjónarhorni. Ég hef ekki verið skammaður af blaðinu fyrir myndir mínar hingað til. Það kom mér eiginlega svoltið á óvart hvað afskiptin af myndunum hafa verið lítil og í raun engin nema það var ein mynd sem mér var tjáð að hafði verið á gráu svæði,“ segir Kristinn og bætir við að myndin hafi samt verið birt og engir eftirmálar hafi

orðið. „Það er kannski bara merki um að ég sé að gera eitthvað rétt,“ segir hann.

„Ég fæ reglulega viðbrögð við myndunum mínum frá fólk sem þekkir mig og flest eru þau á jákvæða vegu,“ segir Kristinn. „Einu opinberu viðbrögðin sem ég hef orðið var við var þegar Svavar Gestsson lét gamminn geysa í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni og fullyrta að Davíð Oddsson væri að beita skopteiknum Morgunblaðsins, en Svavar talaði þá um mynd eftir mig,“ segir Kristinn sem einu sinni hefur hitt Davíð á ævinni þegar ritstjórnin bauð hann velkominn til starfa.

Ríkur og frægur?

Kristinn segist sem betur fer ekki vera orðinn frægur þó svo að nafn hans sé farið að þekkjast. „Það verður líklega einhver bið á því að ég verði þekkt persóna. Annars lenti ég í því um daginn að standa fyrir framan þingmann, sem var mér að myndefni nokkrum dögum áður, í röð í verslun. Hann vissi ekki hver ég var frekar en daman á kassanum. Það er nú samt alltaf að koma oftar fyrir að haft er samband við mig af utanaðkomandi aðilum sem eru að biðja um teikningar, þannig að ég er kannski að komast á kortið,“ segir Kristinn.

Spurður um hvort hægt sé að lifa góðu lífi á því að vera teiknari á Íslandi svarar Kristinn því að það sé alltaf eftirspurn eftir góðum myndskreytunum, maður þarf bara að vera duglegur við að safna að sér verkefnum. Hjá honum sé þetta hins vegar skemmtileg aukavinna eins og staðan er í dag.

Framtíðin óráðin

Þegar kom að því að ræða framtíðina var fátt um svör og eiginlega eins og ég hefði beðið Kristinn um að svara mér á Hebresku. Framtíðin er óráðin hjá þessum unga manni en það stóð aldrei til að verða frægur teiknari eða listamaður og alveg óvíst hvort þetta verður framtíðarstarf hjá Kristni. Eftir Verzló stefnir hann á frekara nám, hvort sem það verður á sviði lista eða eitthvað allt annað á framtíðin bara eftir að leiða í ljós. Eyverjar efast þó ekki um að Kristinn eigi eftir að láta mikið að sér kveða á hvaða vettvangi sem það verður.

Diskó- grímuball Eyverja í Höllinni
föstudaginn 7. janúar kl. 14 - 16. Miðaverð kr. 700
Verðlaun verða veitt fyrir buninga og öll börn fá glaðning frá Eyverjum og nammipoka frá jólasveininum

STOFNAR

Útgefandi: Eyverjar, félag ungra Sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum | Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Borgþór Ásgeirsson | Þeir sem komu að efni blaðsins: Borgþór Ásgeirsson, Gígja Óskarsdóttir, Sindri Ólafsson, Leifur Jóhannesson og Margrét Rós Ingólfssdóttir | Upplag: 1880 eintök | Prentun og umbrot: Eyjasýn/ Eyjaprent.



www.eyverjar.is
eyverjar@eyverjar.is